

Föstudaginn 17. febrúar 1989.

Nr. 381/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ólafi Kalmann Hafsteinssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 11. nóvember 1988 og einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar.

Verjandi krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og málsvarnarlaua fyrir Hæstarétti.

Með játningu ákærða og öðrum sakargögnum er í ljós leitt að hann fór við annan mann um borð í skip í Reykjavíkurböfn og stal þaðan verðmætum. Hann er þannig sannur að broti því er í ákæru greinir. Sakaferli hans er lýst í héraðsdómi. Eins og í héraðsdómi greinir rauf ákærði skilorð dóms frá 18. febrúar 1988 um 30 daga fangelsi fyrir ölvun við akstur. Ber því samkvæmt 60. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma refsingu fyrir það mál með því sem hér er til meðferðar. Samkvæmt því ber að tiltaka refsingu eftir reglum 77. gr. hegningarlaga. Með vísun til sakaferils ákærða ber við ákvörðun refsingar að hafa hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr. og 72. gr. hegningarlaga. Þegar litið er til atvika allra þykir mega sitja við refsíákvörðun héraðsdóms.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og laun skip-

aðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. október 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 18. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 556-7/1988: Ákærvaldið gegn X og Ólafi Kalmann Hafsteinssyni, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. september 1988, á hendur ákærðu, X ... og Ólafi Kalmann Hafsteinssyni, Óslandi, Höfnum í Gullbringusýslu, fæddum 27. október 1952 í Reykjavík, „fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, með því að stela um borð í m/b Júpiter RE-161 við bryggju á Grandagarði í Reykjavík aðfaranótt þriðjudagsins 12. júlí 1988 hljómflytningssamstæðu af gerðinni ITT, þ.e. útvarpstæki, magnara og segulbandi, svo og talsverðu af matvælum, tveimur pokum utan af flotgöllum og einu teppi.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Ákærðu hafa báðir játað að hafa farið um borð í m/b Júpiter RE-161, sem lá við Grandagarð í Reykjavík, og stolið þeim verðmætum sem í ákærinni segir. Ákærðu voru handteknir með verðmætin í fórum sínum og eru þeir orðnir sannir að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ekkert er í málinu um að ákærðu hafi brotist inn í vélbátinn og verða þeir ekki sakfelldir fyrir það.

Refsing og sakarkostnaður:

— — —

Ákærði Ólafur Kalmann hefur verið dæmdur níu sinnum fyrir hegningarlagabrot, ölvun við akstur og fíknilagabrot og auk þess refsað fimm sinnum fyrir tolllagabrot, fjársvik og réttindaleyfi við akstur.

Ákærði hefur nú rofið skilorð síðasta dómsins frá 18. febrúar í vetur og verður samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma upp þann dóm. Þykir refsing ákærða nú vera hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Ólafur Kalmann Hafsteinsson sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.